

Sp.

750. Skýrsla

[406. mál]

iðnaðarráðherra um stöðu samninga RTZ Metals um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. INNGANGUR

Árið 1982 voru samþykkt á Alþingi lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er heimiluðu ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálmi og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur. Með vísan til framangreindra laga var Kísilmálmvinnslan hf. stofnuð 4. júní 1982. Meginverkefni stjórnar félagsins var í upphafi að kanna nánar allar forsendur og áætlanir um byggingu og rekstur verksmiðjunnar og skyldi hún leggja skýrslu um athuganir sínar fyrir Alþingi áður en heimilt yrði að hefja framkvæmdir. Stjórnin lauk skýrslu sinni í janúar 1983 og voru niðurstöður hennar að á grundvelli athugana sinna taldi hún að:

- Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur kostur í innlandri orkunýtingu.
- Stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986–1988 en allan undirbúning á næstunni beri að miða við það að fyrsti ofn hennar taki til starfa 1986.
- Ákvörðun um tímasetningu innan framangreindra marka skuli tekin af stjórn félagsins á grundvelli upplýsinga um þróun markaðsmála og með hliðsjón af almennri þróun efnahagsmála í heiminum.

- Auka þurfi hlutafé félagsins.
- Verð raforku til Kísilmálmvinnslunnar skuli vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja.
- Vinna eigi markvisst að því á næstunni að fá til samstarfs við íslenska ríkið aðra eignaraðila, innlenda eða erlenda.

Í mars 1983 lagði þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. fyrir Alþingi ásamt þingsályktunartillögu til staðfestingar á niðurstöðum hennar. Þingsályktunartillagan hlaut ekki afgreiðslu á því þingi.

Í maí 1983 ákvað þáverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, að eitt af verkefnum stóriðjunefndar yrði að leita eftir nýjum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni hf. á Reyðarfirði. Var þess farið á leit við Geir H. Haarde og Axel Gíslason, fulltrúa í stjórn Kísilmálmvinnslunnar, og Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóra að þeir störfuðu með undirnefnd stóriðjunefndar, þeim Birgi Ísl. Gunnarssyni, formanni stóriðjunefndar, og Guðmundi G. Þórarinssyni, að því máli.

Síðari hluta árs 1983 voru áætlanir um byggingu verksmiðjunnar kynntar fjölmörgum fyrirtækjum og aðilum í Evrópu, Ameríku og Japan. Fyrri hluta árs 1984 var farið til viðræðna við þau fyrirtæki er óskað höfðu frekari upplýsinga. Þá komu hingað til lands fulltrúar nokkurra fyrirtækja til frekari viðræðna og til þess að kynna sér aðstæður.

Í maí 1984 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og leita samvinnu við innlenda og erlenda aðila um eignaraðild.

Í júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, Birgi Ísl. Gunnarsson og Guðmund G. Þórarinsson úr stóriðjunefnd, Geir H. Haarde og Axel Gíslason samkvæmt tilnefningu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. í viðræðunefnd til að hafa með höndum samningaumleitunir við aðila er áhuga hefðu á eignaraðild að fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ritari nefndarinnar var Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar hf.

Fyrri hluta ársins 1985 var einkum rætt við norska fyrirtækið Elkem, bandaríska fyrirtækið Dow Corning og austurríska fyrirtækið Voest Alpine án þess að jákvæð niðurstaða fengist. Á miðju ári voru teknar upp að nýju könnunarviðræður við breska fyrirtækið RTZ Metals í Bristol, en rætt hafði verið við það fyrirtæki síðari hluta árs 1984. Niðurstöður þeirra viðræðna urðu þær að síðari hluta desembermánaðar ákvað fyrirtækið að taka upp formlegar viðræður við íslensk stjórnvöld um hugsanlega eignaraðild að Kísilmálmvinnslunni hf.

Í janúar 1986 skipaði Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra þá Axel Gíslason, Birgi Ísl. Gunnarsson, Geir H. Haarde, Guðmund G. Þórarinsson og Halldór J. Kristjánsson í nefnd til þess að hafa með höndum samninga af hálfu Íslendinga. Formaður nefndarinnar er Birgir Ísl. Gunnarsson. Með nefndinni hafa starfað Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri og Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður.

Viðræður við RTZ Metals hófust með formlegum hætti með fundi í janúar 1986 í Bristol og voru tólf viðræðufundir haldnir á árinu 1986. Hafa viðræðurnar gengið vel þannig að fyrir liggur að ganga megi frá endanlegum samningum milli aðila með skömmum fyrirvara. Hins vegar hafa ytri aðstæður þróast verkefninu mjög í óhag, svo sem gerð er grein fyrir í 7. kafla hér á eftir. Hefur það valdið drætti á ákvörðunum um málið.

2. RIO TINTO ZINC CORPORATION PLC (RTZ)

2.1 Almenn um RTZ.

RTZ er breskt fjölþjóðafyrirtæki sem var stofnað 1962 með samruna bresku fyrirtækjanna Rio Tinto Company og Consolidated Zinc Group. Fyrirtækið er eitt stærsta og

öflugasta námufyrirtæki í heiminum með námu- og málmvinnslu víðs vegar um heim. Fyrirtækið á einnig aðild að úrvinnslu málma, verkfræðipjónustu, framleiðslu byggingar-efna, efnavinnslu og öflun hráefna til orkuvinnslu (kol, olía, gas og úran). Starfsemi RTZ má skipta í þrjú aðalstarfssvið, en 1985 var vægi þeirra eftirfarandi:

- a. Námu- og málmvinnsla og var hlutur hennar 21% af hreinum hagnaði RTZ.
- b. Iðnaðarstarfsemi, aðallega í Bretlandi og Norður-Ameríku, sem lagði til 48% af hreinum hagnaði RTZ.
- c. Vinnsla hráefna til orkuvinnslu sem lagði til 31% af hreinum hagnaði.

Starfsemi RTZ á þessum sviðum er, að hluta til vegna kröfu viðkomandi ríkja, rekin í formi dótturfyrirtækja eða samstarfsfyrirtækja. Mörg hver hafa verulega innlenda eignar- aðild, annaðhvort einkafyrirtækja eða ríkisstjórna. Í þessu sambandi má geta þess að það hefur verið stefna RTZ að rekstrarleg stjórnun sé sjálfstæð og á ábyrgð hinna einstöku fyrirtækja, en fjárfestingarákvarðanir séu miðstýrðar í höndum móðurfyrirtækisins.

Fyrirtækið starfar í flestum heimshlutum og skiptist veltan á árinu 1985 þannig á milli svæða:

	% af heildarveltu
Ástralía og Nýja-Sjáland	29.1
Bretland	25.6
Bandaríkin	20.0
Kanada	11.8
Afríka	5.8
Önnur svæði	7.7

2.2 Fjárhagsstaða RTZ.

Hlutabréf RTZ eru skráð á verðbréfamarkaðnum í London og er fyrirtækið því háð almennum reglum verðbréfamarkaðarins um starfsemi þess, m.a. varðandi reikningsskil, gerð ársreikninga og almenna upplýsingagjöf.

Fyrirtækið er almenningshlutafélag með um 90 000 hluthafa og á enginn einn hluthafi meira en 5% af heildarhlutafé RTZ.

Til fróðleiks um fjárhagsstöðu RTZ skulu hér birtar niðurstöðutölur rekstrar- og efnahagsreikninga fyrirtækisins 1984 og 1985:

Rekstrarreikningur (millj. punda)	1985	1984
Velta	5 311	5 949
Hagnaður fyrir skatta	717	676
Fjármagn úr rekstri	976	1 023
Tekjur á almennan hlut	76.14p	69.59p
Greiddur arður á almennan hlut	22.00p	20.00p
Efnahagsreikningur (millj. punda)		
Eignir í rekstri	1985	1984
Fastafjármunir	4 270	5 249
Hreinir veltufjármunir	1 132	1 550
Eignir samtals	5 402	6 799
Skuldir og eigið fé	1985	1984
Langtímaskuldir	1 916	2 188
Aðrar skuldir og skuldbindingar	460	642
Hlutdeild minnihlutaaðila í dótturfyrirt.	1 269	1 789
	3 645	4 619

Nafnverð innborgaðs hlutafjár	88	88
Gengisauki hlutafjár	298	298
Varasjóður	1 371	1 794
	<hr/>	<hr/>
	1 757	2 180
Skuldir og eigið fé samtals	5 402	6 799

Félagið stendur því mjög sterkt fjárhagslega. Hagnaður þess á almennan hlut og greiddur arður hefur farið hlutfallslega vaxandi á undanförunum árum á sama tíma og hvort tveggja hefur lækkað hjá flestum samkeppnisaðilum félagsins. Hefur þetta komið fram í að verð á hlutabréfum í félaginu hefur verið mjög stöðugt og þróast sem hér segir:

Verð á 25p hlutum:

	1982	1983	1984	1985	1986
Hæsta verð	475p	672p	785p	690p	790p
Lægsta verð	336p	453p	498p	500p	513p

2.3 Nánar um RTZ Metals.

RTZ Metals er dótturfyrirtæki RTZ með höfuðstöðvar í Bristol. Félagið er fyrst og fremst eignarhalds- og stjórnunarfélag og er sem slíkt ábyrgt fyrir rekstri og þróun námu- og málmvinnslu RTZ í Evrópu. Félagið starfar sjálfstætt en er eins og önnur dótturfyrirtæki RTZ háð samþykki móðurfyrirtækisins um meiri háttar fjárfestingar. RTZ Metals á og rekur tinbræðslufyrirtækið Capper Pass skammt frá Hull og námufélagið Carnon Consolidated Tin Mines, er starfrækir tinmámur í Cornwall. RTZ Metals er meirihlutaeigandi (51%) á móti Kaiser Aluminium að Anglesey-álverinu í Norður-Wales. Þá á RTZ Metals 49% í Rio Tinto Minera er rekur koparnámu og koparbræðslu á Spáni og fjárfesti nýlega (49% eignaraðild) í Neves Corvo koparnámunni í Portúgal. Auk framangreinds eru á vegum RTZ Metals ýmis sérhæfð fyrirtæki á sviði námuvinnslu, jarðfræði og verkfræði.

3. SAMNINGAR VIÐ RTZ METALS

Í samningaviðræðum við RTZ Metals hefur verið lögð áhersla á að fullt jafnræði ríki með samstarfsaðilum um rekstur verksmiðjunnar og hagnaður þeirra af rekstri félagsins verði í formi beinna arðgreiðslna, en ekki á grundvelli sérstakrar greiðslu fyrir tækniþekkingu, markaðsstöðu eða annarra beinna eða óbeinna þátta er aðilar telja sig leggja til verkefnisins. Félagið keypti sjálft hráefni og rekstrarvörur og seldi afurðir sínar án milligöngu eigenda og um algjörlega sjálfstæða rekstrareiningu yrði að ræða. Í því sambandi er rétt að fram komi að RTZ hefur engan rekstur á þessu sviði í dag.

Gert hefur verið ráð fyrir því að samningar við RTZ Metals yrðu byggðir á þremur aðalsamningum, fjárfestingarsamningi, hluthafasamningi og samningi um kaup á hlutum. Lokadrög samninganna liggja nú fyrir sem vinnugögn samninganefnda RTZ Metals og iðnaðarráðherra.

Í fjárfestingarsamningnum yrðu ákvæði, er leiðir af samskiptum ríkisins sem stjórnvalds og RTZ Metals, um réttarstöðu hins erlenda aðila og Kísilmálmvinnslunnar hf. Í hluthafasamningnum yrðu hins vegar ákvæði er leiðir af samskiptum ríkisstjórnarinnar sem hluthafa og RTZ um málefni Kísilmálmvinnslunnar hf. Þá yrðu í samningnum um kaup á hlutum ítarleg ákvæði um kaup RTZ Metals á 60% af hlutafé Kísilmálmvinnslunnar hf.

Helstu efnislegar niðurstöður, er fengist hafa í viðræðum við RTZ Metals, eru eftirfarandi:

3.1 Fjárfestingarsamningur.

Helstu ákvæði fjárfestingarsamningsins yrðu:

- Um upphafstíma framkvæmda, byggingu og byrjun rekstrar sem yrði 36 mánuðum eftir að framkvæmdir hefjast.
- Reglur um umhverfis-, rekstrar- og öryggismál þar sem m.a. yrði kveðið á um forgangsrétt íslenskra aðila til framleiðslu og þjónustu í þágu félagsins.
- Reglur um meðferð gjaldeyrismála.
- Ákvæði um ábyrgðir eigenda, fyrirheit og skuldbindingar.
- Ákvæði um sköttun fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir því að það greiði skatta samkvæmt íslenskum skattalögum með ákveðnum sérákvæðum, svo sem síðar er vikið að.
- Gert er ráð fyrir að íslensk lög verði ráðandi um túlkun og framkvæmd samningsins, en deilur verði leystar fyrir gerðardómi Alþjóðastofnunarinnar til lausnar fjárfestingardeilna samkvæmt alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að (ICSID).
- Gildistími samningsins yrði 20 ár.
- Í samningnum yrði sanngirnisákvæði þar sem aðilar lýsa vilja til að semja um endurskoðun á efnisatriðum er þróast kynnu öðrum aðilanum til tjóns.

3.2 Hluthafasamningur.

Helstu efnisatriði hluthafasamningsins yrðu:

- Gert er ráð fyrir að ríkið eigi 40% hlutafjár, en RTZ Metals og Tinto Investments 60% samtals. Þá yrðu ákvæði um fjármögnunarskuldbindingu hluthafa. Ákvæði yrðu um að hlutfall eiginfjár og skulda skuli vera 1:2.
- Sjö manna stjórn yrði í félaginu, þrír tilnefndir af iðnaðarráðherra og fjórir af RTZ Metals. Þá yrðu ítarleg ákvæði er tryggi réttindi minni hlutans með neitunarvaldi um meiri háttar ákvarðanir.
- Ákvæði yrðu um markmið og stefnumál félagsins sem helgist af arðsemissjónarmiðum og takmarkist við framkvæmd verkefnisins.
- Auk venjubundinna ákvæða um framsal hluta yrðu ákvæði um kaupkröfurétt (put-option) RTZ á hendur ríkinu ef ríkið bryti í mjög verulegu gegn réttindum RTZ samkvæmt fjárfestingarsamningi. Ríkið yrði þá skuldbundið til að kaupa hlutabréf RTZ á matsverði. Á sama hátt öðlaðist ríkið rétt til að kaupa hlutabréf RTZ á matsverði ef RTZ bryti gegn skyldum sínum.
- Þá yrðu ákvæði um gangsetningu, markaðsmál sem skulu vera „arm's length“ og fylgisamninga um önnur mál.
- Íslensk lög yrðu ráðandi um samninginn og íslenski textinn ráðandi ef misræmi verður milli íslenska og enska textans.
- Ágreiningsmál yrðu leyst með sama hætti og í fjárfestingarsamningnum.

3.3 Samningur um kaup á hlutum.

Samningur þessi varðar kaup RTZ Metals og Tinto Investments á 60% af hlutafé í núverandi félagi. Í samningnum yrðu allitarleg ákvæði um skuldbindingar, ábyrgð og réttindi, auk sambærilegra ákvæða um ágreiningsmál, ráðandi lög, sanngirni o.fl., og eru í ofangreindum samningum.

3.4 Breytingar á lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Ef samningar takast er gert ráð fyrir því að ofangreindir samningar yrðu lagðir fyrir Alþingi sem fylgigögn frumvarps til breytingar á lögum nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Breytingar, sem leiddi af gerð samningsins, yrðu m.a.:

- Skilyrði laganna um meirihlutaeign íslenska ríkisins að félaginu yrðu felld niður.
- Ákvæðið um stjórnarkjör fyrir félagið á Alþingi yrði fellt niður og gert ráð fyrir sjö manna stjórn, þremur tilnefndum af ráðherra og fjórum af RTZ Metals. Áskilið yrði þó að meiri hluti stjórnarmanna hafi fasta búsetu hér á landi.
- Sett yrðu sérákvæði um skattlagningu þannig að félagið geti eigi nýtt ákveðna frádráttarliði, svo sem 10% skattfrjálsan arð, skattfrjáls framlög í varasjóð eða fjárfestingarsjóð, en greiði þess í stað lægri tekjuskattsprósentu, þannig þó að skatttekjur ríkisins minnkuðu ekki frá núgildandi skattalögum. Hið breytta fyrirkomulag auðveldar hins vegar útborgun arðs til beggja eigenda.
- Gert er ráð fyrir að félagið greiði 0,5% aðstöðugjaldsígildi er skiptist þannig:

Reyðarfjarðarhreppur	37.5%
Eskifjarðarbær	37.5%
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	25.0%

- Þá yrðu ákvæði um tvísköttun og gert ráð fyrir 5% skatti á tekjur RTZ hér á landi (withholding tax).
- Sett yrðu ákvæði er tryggja réttindi félagsins til frjálsra gjaldeyrisviðskipta.

4. SAMNINGAR KÍSILMÁLMMVINNSLUNNAR HF. VIÐ ÞRÍÐJU AÐILA

Á vegum samninganefndar iðnaðarráðherra og samninganefndar RTZ Metals hefur verið haldið áfram undirbúningi samninga Kísilmálmvinnslunnar hf. við þriðju aðila, m.a. um orkukaup, markaðsmál og vegna byggingarframkvæmda (verktakamál). Skal nú vikið stuttlega að hverju þessara efnisatriða.

4.1 Orkukaupsamningur.

Sérstök samninganefnd Landsvirkjunar um orkusölu annast viðræðurnar við Kísilmálmvinnsluna hf., en hluti af samninganefnd iðnaðarráðherra ásamt framkvæmdastjóra Kísilmálmvinnslunnar hf. annast viðræðurnar um þetta mál af hálfu Kísilmálmvinnslunnar hf. Þrjú viðræðufundir hafa farið fram með þátttöku RTZ Metals. Fyrstu drög að orkusölu-samningi liggja nú fyrir, en ekki hefur á þessu stigi verið gengið frá orkuverði, verðtryggingu og afhendingarskilmálum.

4.2 Markaðsmál.

Ráðist var í markaðskönnun með aðstoð sérstaks markaðsráðgjafa RTZ Metals og meðal annars rætt við aðila í Japan, Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Þótt eigi hafi reynst mögulegt að gera sölusamninga til lengri tíma er talið að engum sérstökum vandkvæðum verði bundið að selja framleiðslu verksmiðjunnar á markaðsverði, þegar hún hefur starfrækslu.

4.3 Verktakar.

Að loknu opnu forvali innanlands buðu tvær verktakasamsteypur í byggingu kísilmálmverksmiðjunnar. Þær voru:

- Breska verktakafyrirtækið Davy McKee og Ístak hf.

– Þýska fyrirtækið Mannesmann Demag og Hagvirki hf.

Verktakarnir skiluðu tilboðum 30. ágúst 1986. Tilboðin reyndust vera allverulega hærri en vonast hafði verið til. Var gengið til viðræðna við verktakana um möguleika til lækkunar á verði og breytinga á tilhögun byggingarframkvæmda og hefur tekist að ná verðinu verulega niður.

Að undangengnum frekari viðræðum við verktakana og samanburði sérfræðinga RTZ Metals og Kísilmálmvinnslunnar hf. á tilboðunum var ákveðið að hefja samningaviðræður við Davy McKee og Ístak, en tilboð þeirra var talið hagkvæmara.

Í þeim viðræðum verður leitast við að kanna nánar leiðir til enn frekari lækkunar tilboðs þeirra, m.a. með samanburði við kostnaðaráætlun og með breytingum á búnaði og fyrirkomulagi verksmiðjunnar.

5. AÐSTÖÐUMÁL Í HÉRAÐI

Viðræðunefnd iðnaðarráðherra hefur átt allmarga fundi með fulltrúum Eskifjarðarbæjar og Reyðarfjarðarhrepps um aðstöðumál verksmiðjunnar. Hefur náðst samkomulag í meginatriðum um þau mál milli ríkisins, Kísilmálmvinnslunnar hf., Reyðarfjarðarhrepps og Eskifjarðarbæjar.

Samkomulag þetta tekur m.a. til:

- Eignarhalds og rekstrar á höfn við Mjóeyri.
- Byggingar og starfrækslu vatnsveitu fyrir verksmiðjuna.
- Álagningar og skiptingar aðstöðugjalda af verksmiðjunni og verktökum við byggingu hennar.
- Álagningar fasteignagjalda.
- Húsnæðismála í héraðinu og framboðs á byggingarlóðum.
- Skipulags-, starfsleyfa- og umhverfismála.

6. ATHUGUN Á MÁLEFNUM RTZ

Aflað hefur verið gagna um starfsemi RTZ frá ýmsum aðilum, þeirra á meðal frá upplýsingabönkum með aðstoð fjölþjóðafyrirtækjastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Þá er unnið að sérstöku yfirliti er fjallar um eftirfarandi atriði:

- a. Sögu fyrirtækisins.
- b. Markaðsstöðu RTZ og starfsemi almennt.
- c. Yfirlit um hluthafa, fjárhagsstöðu, veltu, hagnað, eignir og arðgreiðslur RTZ.
- d. Frammistöðu RTZ í samstarfsverkefnum, sérstaklega hvað varðar samstarf við ríkisstjórnir.
- e. Viðkvæmi atriði í starfsemi RTZ, svo sem:
 - Úraníumvinnslu.
 - Starfsemi í Suður-Afríku og Namibíu.
 - Staðbundin viðbrögð við einstökum verkefnum.
 - Náttúruverndarmál.

Niðurstöður þessara athugana eru að RTZ sé traust fyrirtæki er teljist vænlegur samstarfsaðili um verkefni sem þetta.

7. ARÐSEMI OG YTRI AÐSTÆÐUR

Þær niðurstöður arðsemireikninga, er nú liggja fyrir, sýna að á grundvelli tilboða í byggingu verksmiðjunnar, núverandi verðs á aðföngum verksmiðjunnar og markaðsverðs á kísilmálmi er arðsemi verksmiðjunnar eftir sköttun rúm 8%. Hefur þá verið gert ráð fyrir því að lækka megi byggingarkostnað verksmiðjunnar með breytingum á búnaði og fyrirkomulagi um 8 milljónir bandaríkjadala frá tilboðum verktaka þannig að heildarstofnkostnaður


verksmiðjunnar verði um 86 milljónir dala á verðlagi 1986 og að vegið meðalverð á kísilmálm sé nú um 1 300 dalir á tonn.

Arðsemi þessi er allverulega lægri en hún var metin á árinu 1985 og lögð var til grundvallar er viðræður við RTZ Metals hófust í byrjun þessa árs og telst ekki viðunandi. Miðað hefur verið við að arðsemi heildarfjármagns eftir sköttun væri minnst 10% til þess að ráðlegt væri talið að ráðast í byggingu verksmiðjunnar.

Meginorsakir þessarar breyttu niðurstöðu á mati á hagkvæmni verksmiðjunnar má rekja til:

- Gengisfalls bandaríkjadalshagsvart helstu gjaldmiðlum í Evrópu og þar af leiðandi hækkun á aðföngum til byggingar og rekstrar verksmiðjunnar, sjá mynd 1.
- Hækkunar á innlendum byggingarkostnaði, mældum í bandaríkjadalum, sjá mynd 2.
- Verð á kísilmálm hefur haldist óbreytt og jafnvel lækkað í bandaríkjadalum, eins og fram kemur á mynd 3.


Samspil framangreindra atriða hefur leitt til þess að núvirði afkomu verksmiðjunnar á grundvelli 10% vaxta hefur versnað um allt að þrjátíu milljónir dala á þeim tíma er samningaviðræður hafa staðið við RTZ Metals.



MYND 1


Byggingarvísitala á Íslandi

mæld í Bandaríkjadöllum



MYND 2

Verð á kúsil máli



MYND 3

8. STADA MÁLSINS

Arðsemi kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er nú ófullnægjandi en aðstæður hafa breyst mjög hratt til hins verra síðan samningaviðræður hófust við RTZ Metals í janúar 1986. Þrátt fyrir þetta eru báðir samningsaðilar sammála um að vinna áfram að verkefninu og leita leiða til þess að lækka stofnkostnað verksmiðjunnar og kanna frekar aðrar leiðir til þess að auka arðsemi fjárfestingarinnar. Þá er heldur ekki talið útilokað að á næstu mánuðum hækki verð á kísilmálmi þannig að afkomuhorfur verksmiðjunnar batni.

Rétt er að fram komi að samninganefnd RTZ Metals hefur eindregið mælt til þess að staðið verði að málinu með ofangreindum hætti og það verið staðfest af stjórn RTZ Metals.

9. REKSTUR KÍSILMÁLMMVINNSLUNNAR HF.

Eins og að framan greinir var Kísilmálmvinnslan hf. stofnuð 4. júní 1982. Meginverkefni stjórnar félagsins var í upphafi að kanna nánar allar áætlanir og forsendur um byggingu og rekstur kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð og taka afstöðu til þess hvort leggja ætti til við Alþingi að verksmiðjan yrði byggð og þá hvenær hún ætti að hefja framleiðslu.

Niðurstöður af athugunum stjórnarinnar ásamt tillögum hennar, er getið er í inngangi þessarar skýrslu, liggja fyrir í skýrslu stjórnarinnar „Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði“, er send var þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifi Guttormssyni, í janúar 1983. Skýrslan ásamt þingsályktunartillögu var lögð fyrir Alþingi í mars 1983, en hlaut ekki afgreiðslu eins og að framan greinir. Í samræmi við niðurstöður stjórnarinnar og að höfðu samráði við iðnaðarráðherra, Hjörleif Guttormsson og síðar Sverri Hermannsson, var undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar haldið áfram á árunum 1983 og 1984.

Í maí 1983 var gengið til samninga við vestur-þýska fyrirtækið Mannesmann Demag um kaup á tveim 21 MW ofnum, ásamt tilheyrandi vél- og rafbúnaði í verksmiðjuna. Samningurinn var undirritaður 28. maí með þeim fyrirvara af hálfu stjórnarinnar að Alþingi samþykkti niðurstöður skýrslu stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. frá því í janúar 1983 og ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um útgáfu viðbótarhlutafjár, hvort tveggja samkvæmt lögum nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, og að nauðsynlegs fjármagns yrði aflað.

Forhönnun verksmiðjunnar var lokið í mars 1984 og liggur hún fyrir í skýrslu „Silicon Metal Plant, Reyðarfjörður, Iceland: Basic Engineering Report“. Var skýrslan unnin af Kísilmálmvinnslunni og verkfræðilegum ráðgjöfum hennar, Almennu verkfræðistofunni, Fjarhitun, Rafteikningu, Hnit og Teiknistofunni Ármúla 6. Einnig tók þátt í þeirri vinnu, sem sérstakur ráðgjafi Kísilmálmvinnslunnar, Fredrik Schatvet efnafræðingur er var tæknilegur framkvæmdastjóri Íslenska járnblendifélagsins á árunum 1977–1981.

Stærð og gerð allra helstu bygginga var ákveðin og þeim valinn staður á lóð verksmiðjunnar á Mjóeyri við Reyðarfjörð. Gerð, afkastageta og fyrirkomulag allra véla og tækja verksmiðjunnar var einnig ákveðið. Þá var einnig aflað tilboða í efni og vinnu við verksmiðjubygginguna og önnur tæki og vélar verksmiðjunnar sem ekki voru í samningnum við Mannesmann Demag. Á grundvelli forhönnunar var stofnkostnaðaráætlun fyrir byggingu verksmiðjunnar endurskoðuð og var byggingarkostnaður hennar áætlaður 1 842 millj. kr. á verðlagi í janúar 1984.

Þá voru á árunum 1982–84 framkvæmdar ýmsar athuganir og rannsóknir vegna væntanlegra mannvirkja, hafnargerðar og vatnsveitu.

Í júlímánuði 1983 hófust loftgæðarannsóknir í nágrenni verksmiðjunnar og liggja niðurstöður fyrir í skýrslu Hollustuverndar ríkisins, „Loftgæðarannsóknir í nágrenni fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði“. Veðurfarsrannsóknir hófust í október 1982 og stóðu þær til marsloka 1985. Niðurstöður þeirra mælinga er að finna í skýrslu Veðurstofu Íslands „Veðurathuganir á Reyðarfjarðarsvæðinu“.

Mat á þróun markaðar fyrir kísilmálm, bæði hvað varðar verð og stærð, hefur verið einn mikilvægasti og jafnframt vandasamasti þátturinn í starfsemi félagsins. Í því efni var á árinu 1982 leitað til bandaríska fyrirtækisins Chase Econometrics um athugun á hagkvæmni kísilmálmverksmiðju á Íslandi. Verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytisins hafði fyrir fengið breska fyrirtækið Commodities Research Unit Ltd. til þess að gera slíka athugun. Var aftur leitað til þeirra og þeir beðnir að endurskoða markaðsspár miðað við breyttar efnahagslegar forsendur. Niðurstöður beggja þessara fyrirtækja hnigu mjög í sömu átt. Bæði töldu að markaður fyrir kísilmálm færi vaxandi og verð á markaðnum mundi ráðast af framleiðslukostnaði nýrra verksmiðja og verksmiðja á Íslandi gæti í framtíðinni framleitt á samkeppnishæfu verði.

Alla tíð síðan hefur náíð verið fylgst með markaðsþróun, bæði með öflun skýrslna um kísilmálmmarkaðinn og eigin athugunum. Ljóst er að nýjustu áætlanir og spár um þróun kísilmálmmarkaðarins næstu 10 árin einkennast ekki af sömu bjartsýni og fyrri spár.

Samhliða mati á markaðshorfum fyrir kísilmálm hafa verið kannaðar leiðir til sölu á væntanlegri framleiðslu. Haft hefur verið samband við fjölmarga aðila sem látið hafa í ljós áhuga á samvinnu um sölumál eða vilja taka að sér sölu framleiðslunnar, allrar eða hluta hennar.

Hagkvæmiathuganir og arðsemireikningar hafa að jafnaði verið endurnýjaðir til samræmis við breytingar á helstu forsendum, svo sem stofnkostnaði og verði á kísilmálm, og niðurstöður kynntar iðnaðarráðherra á hverjum tíma. Reiknilíkön þau, er notuð eru við arðsemimatið, hafa verið endurbætt verulega og er nú að fullu tekið tillit til verðbreytinga-færslna og ákvæða íslenskra skattalaga. Auk hefðbundinna reikninga núvirðis og innri vaxta stillir líkanið nú upp rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir hvert rekstrarár fyrirtækisins allt rekstrartímabilið sem tekið er til athugunar.

Frá því í maí 1983, er þáverandi iðnaðarráðherra, Sverrir Hermannsson, ákvað að leitað skyldi að erlendum eignaraðilum að Kísilmálmvinnslunni hf., hefur starfsemi félagsins mótast mjög af þeirri ákvörðun. Hafa starfsmenn félagsins unnið að fjölmörgum verkefnum, tengdum eignaraðildarkönnuninni og samningaviðræðum og starfað með þeim nefndum er að málinu hafa unnið.

Pegar viðræður við RTZ Metals hófust á miðju ári 1985 voru þeim kynntar allar áætlanir um byggingu og rekstur verksmiðjunnar og hefur síðan tekist góð samvinna við RTZ Metals um frekari undirbúning og áætlanagerð, gerð útboðsgagna, úrvinnslu tilboða, könnun markaðsaðstæðna o.fl. Þá var RTZ Metals aðstoðað við að aðlaga reiknilíkön íslenskum aðstæðum. Í því sambandi er rétt að fram komi að RTZ Metals hefur varið verulegri vinnu og fjármunum til frekari upplýsingaöflunar og undirbúnings og hafa starfsmenn Kísilmálmvinnslunnar hf. haft aðgang að öllum gögnum og athugunum þeirra.

Við stofnun félagsins 1982 var Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur ráðinn framkvæmdastjóri. Þá var einnig í upphafi ráðinn til starfa hjá félaginu Magnús Magnússon verkfræðingur sem verið hafði ritari verkefnisstjórnar iðnaðarráðuneytisins, auk tveggja annarra starfsmanna. Egill Skúli Ingibergsson lét af störfum framkvæmdastjóra 1. apríl 1983. Við starfi framkvæmdastjóra tók þá dr. Geir A. Gunnlaugsson prófessor. Magnús Magnússon lét af störfum hjá félaginu 1. júní 1985 og hafa starfsmenn félagsins síðan verið framkvæmdastjóri auk ritara í hlutastarfi.

Frekari upplýsingar um starfsemi Kísilmálmvinnslunnar hf. er að finna í ársskýrslum félagsins og skýrslum iðnaðarráðherra til Alþingis: „Starfsemi ríkisfyrirtækja, stofnana, hlutafélaga með ríkisaðild og sjóða, er tilheyrar starfssviði iðnaðarráðuneytisins“, er út hafa komið um árin 1983, 1984 og 1985.

10. KOSTNAÐUR

Í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, var hlutafé Kísilmálmvinnslunnar hf. ákveðið 25 000 000 kr. og var það verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í mars 1982. Hefur hlutafénu, auk sérstakrar fjárveitingar iðnaðarráðuneytisins á árinu 1986 að upphæð 15 000 000 kr., verið varið til þess að standa straum af rekstri Kísilmálmvinnslunnar hf. og öllum undirbúningskostnaði vegna byggingar verksmiðjunnar, þar með talinn kostnaður vegna könnunar á eignaraðild og samningaviðræðna við RTZ Metals.

Skipting kostnaðar á einstök ár og milli helstu kostnaðarpátta á verðlagi hvers árs er sýnd í töflu 1.

TAFLA 1

Kostnaður í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

	1982	1983	1984	1985	1986	Samt.
Rekstur	1.7	6.1	5.1	4.9	4.9	22.6
Stjórn	1.1	0.9	0.3	0.4	0.5	3.2
Arðsemi og markaðsathuganir	1.3	0.3	0.2	0.2	1.2	3.1
Rannsóknir á Reyðarfirði	0.6	1.9	1.4	0.0	0.1	4.1
Hönnun, útboð, samn. o.fl.	2.3	8.3	2.2	0.6	3.8	17.2
Mannesmann Demag	0.0	4.7	1.7	0.0	0.0	6.4
Eignaraðild	0.0	0.1	2.0	3.0	5.7	10.8
Opinber gjöld	0.0	0.0	0.0	0.5	0.6	1.1
Samtals	6.9	22.3	12.8	9.7	16.8	68.6

Um skiptingu milli einstakra kostnaðarliða gilda eftirfarandi skýringar:

Rekstur.

Til rekstrar telst allur kostnaður við beinan rekstur Kísilmálmvinnslunnar, þar með talin laun og launatengd gjöld, húsnæðiskostnaður og annar rekstrarkostnaður.

Stjórn.

Til þessa liðar telst allur kostnaður vegna stjórnar félagsins.

Arðsemi og markaðsathuganir.

Til þessa liðar telst öll aðkeypt vinna vegna arðsemireikninga, gerð reiknilíkana, svo og tölvukostnaður. Einnig keyptar upplýsingar og skýrslur um markaðsmál og verðspár ásamt sérstakri markaðsathugun í samvinnu við RTZ Metals vegna eignaraðildarsamninga.

Rannsóknir á Reyðarfirði.

Til þessa liðar telst allur kostnaður vegna rannsókna á verksmiðjusvæðinu við Mjóeyri og á Reyðarfirði, þ.m.t. jarðvegsathuganir, könnun á hafnarstæði, loftgæðarannsóknir og veðurathuganir.

Hönnun, útboð, samningar o.fl.

Til þessa liðar telst öll aðkeypt vinna og þjónusta verkfræðilegra ráðgjafa, m.a. gerð kostnaðar- og tímaáætlana, samanburður tilboða og gerð samninga vegna ofna, gerð

útboðsgagna vegna verksmiðjuhúss, vél- og rafbúnaðar, svo og samanburður tilboða; kostnaður vegna forhönnunar verksmiðjunnar, gerðar útboðsgagna vegna heildarútboðs á byggingu verksmiðjunnar og úrvinnslu tilboða.

Mannesmann Demag.

Samkvæmt samningi við Mannesmann Demag var greitt fyrir vinnu við forhönnun verksmiðjunnar.

Eignaraðild.

Til þessa liðar telst allur kostnaður vegna leitar að erlendum eignaraðilum og samningaviðræðna við RTZ Metals, þ.m.t. aðkeypt sérfræðipjónusta.

Opinber gjöld.

Til þessa liðar teljast álögð gjöld, að meginhluta eignarskattur vegna eignafærslu undirbúningskostnaðar.

Kostnaður vegna vegar, er Kísilmálmvinnslan hf. lagði á árinu 1982 að verksmiðjusvæðinu á Mjóeyri samkvæmt fyrirætlum þáverandi iðnaðarráðherra, er ekki meðtalinn í töflu 1. Vegarlagningin kostaði 1 011 000 kr. (4 180 000 kr. á verðlagi í desember 1986) og hefur verið færð sem útistandandi krafa í bókum félagsins.

Í töflu 2 er sýnd sama skipting og í töflu 1 ef kostnaður einstakra ára er á grundvelli lánskjaravísitölu færður til verðlags í desember 1986.

TAFLA 2

Kostnaður í milljónum króna á verðlagi í árslok 1986.

	1982	1983	1984	1985	1986	Samt.
Rekstur	6.9	14.1	8.7	6.4	5.2	41.3
Stjórn	4.5	2.1	0.5	0.5	0.5	8.1
Arðsemi og markaðsathuganir	5.3	0.7	0.3	0.3	1.2	7.8
Rannsóknir á Reyðarf.	2.6	4.5	2.4	0.1	0.1	9.6
Hönnun, útboð, samn. o.fl.	9.5	19.1	3.8	0.8	4.1	37.2
Mannesmann Demag	0.0	10.8	3.0	0.0	0.0	13.8
Eignaraðild	0.0	0.2	3.4	4.0	6.1	13.6
Opinber gjöld	0.0	0.0	0.0	0.7	0.6	1.3
Samtals	28.7	51.4	22.1	12.8	17.8	132.8


Til frekari upplýsinga er skipting milli ára samkvæmt töflu 2 sýnd með stólpáriti á mynd 4.

Samkvæmt framangreindu er uppsafnaður heildarkostnaður vegna verkefnisins í árslok 1986 68,6 millj. kr. eða 132,8 millj. kr. ef kostnaður einstakra ára er framreiknaður til ársloka 1986. Nemur það tæpum 4% af áætluðum heildarkostnaði við byggingu verksmiðjunnar. Rétt er að fram komi að takist samningar við RTZ Metals er gert ráð fyrir því að verulegur hluti þessa kostnaðar fái greiddur vegna kaupa RTZ Metals á 60% af hlut íslenska ríkisins í Kísilmálmvinnslunni, en afgangur teljist hlutafjárframlag Íslendinga.

Verði ekki af byggingu verksmiðjunnar er hér vissulega um háa krónutölu að ræða, en hana verður að skoða í samhengi við umfang verkefnisins og þá áhættu sem tekin yrði með byggingu og rekstri verksmiðjunnar.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði

Skipting milli ára - Verðlag des. 1986



MYND 4